

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu utanríkisráðherra og með vísan til 4. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. a. Sendiráð skulu vera í Berlín, Brussel, Freetown, Genf, Helsinki, Kampala, Kaupmannahöfn, Lilongwe, London, Madrid, Moskvu, Nýju-Delí, Ottawa, Ósló, París, Peking, Róm, Stokkhólmi, Tókýó, Varsjá, Vín og Washington. Sendiráðin í Genf, London, París, Róm og Vín skulu jafnframt gegna hlutverki fastanefnda gagnvart nánar tilteknum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.
  - b. Fastanefndir skulu vera í Brussel, New York og Strassborg. Fastanefndin í New York skal jafnframt gegna hlutverki sendiráðs gagnvart nánar tilteknum ríkjum.
  - c. Aðalræðisskrifstofur skulu vera í Nuuk, Winnipeg og Þórshöfn.
2. Umdæmi sendiráða skulu vera sem hér segir:
  - a. **Berlín.** Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Tékkland.
  - b. **Brussel.** Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Holland og Lúxemborg. Sendiráðið skal gegna hlutverki sendiskrifstofu gagnvart Evrópusambandinu (EU).
  - c. **Freetown.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Síerra Leóne.
  - d. **Genf.** Auk Sviss skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein og Páfagarður. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf (UNOG), Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Alþjóðavinnuumálastofnuninni (ILO).
  - e. **Helsinki.** Auk Finnlands skal umdæmi sendiráðsins vera Eistland, Lettland og Litáen.
  - f. **Kampala.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Úganda.
  - g. **Kaupmannahöfn.** Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland.
  - h. **Lilongwe.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Malaví.
  - i. **London.** Auk Bretlands skal umdæmi sendiráðsins vera Írland og Malta. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO).
  - j. **Madrid.** Auk Spánnar skal umdæmi sendiráðsins vera Andorra, Argentína, Chile, Kólumbía, Perú og Venesúela.
  - k. **Moskva.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Rússland.
  - l. **Nýja-Delí.** Auk Indlands skal umdæmi sendiráðsins vera Ástralía, Nepal, Nýja-Sjáland og Srí Lanka.
  - m. **Ottawa.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Kanada.
  - n. **Ósló.** Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Egyptaland, Pakistan og Tyrkland.
  - o. **París.** Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Alsír, Líbanon, Marokkó, Mónakó, Portúgal og Túnis. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) í París og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í París.
  - p. **Peking.** Auk Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Mongólía og Víetnam.

- q. **Róm.** Umdæmi sendiráðsins skal vera Ítalía og San Marínó. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (IFAD).
  - r. **Stokkhólmur.** Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Kýpur.
  - s. **Tókyó.** Auk Japans skal umdæmi sendiráðsins vera Filippseyjar, Indónesía, Singapúr, Suður-Kórea og Taíland. Sendiráðið skal gegna hlutverki sendiskrifstofu gagnvart Sambandi Suðaustur-Asíuríkja (ASEAN) í Jakarta.
  - t. **Varsjá.** Auk Póllands skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Georgía, Moldóva, Rúmenía og Úkraína.
  - u. **Vín.** Auk Austurríkis skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Slóvenía, Slóvakía og Ungverjaland. Sendiráðið skal gegna hlutverki fastanefndar gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (OSCE), skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vín (UNOV), Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og skrifstofu sammingsins um allsherjarsbann við tilraunum með kjarnavopn (CTBTO).
  - v. **Washington.** Auk Bandaríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Brasilía og Mexíkó.
3. Fyrirsvar fastanefnda skal vera sem hér segir:
- a. **Brussel.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Atlantshafsbandalaginu (NATO) og stofnunum tengdum því.
  - b. **New York.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Sameinuðu þjóðunum (UN) í New York. Jafnframt skal fastanefndin gegna hlutverki sendiráðs og skal umdæmi þess vera Dóminíska lýðveldið og Kúba.
  - c. **Strassborg.** Fastanefndin skal fara með fyrirsvar gagnvart Evrópuráðinu (CoE).
4. Umdæmi aðalræðisskrifstofa skal vera sem hér segir:
- a. **Nuuk.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera Grænland.
  - b. **Winnipeg.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera fylkið Manitoba, fylkið Saskatchewan, að undanskilinni borginni Regina, og fylkið Alberta, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.
  - c. **Þórshöfn.** Umdæmi aðalræðisskrifstofunnar skal vera Færeyjar.
5. Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart öðrum alþjóðastofnunum og ríkjum sem Ísland hefur stjórnmalasamband við, m.a. með skipun sendiherra eða fastafulltrúa með búsetu í Reykjavík eftir því sem ástæða er til.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 93 frá 18. ágúst 2022.

*Gjört á Bessastöðum, 8. september 2025.*

**Halla Tómasdóttir.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.*